



Fundargerð

90. fundur neyðarstjórnar Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
11. febrúar 2025 kl. 15:00

Viðstödd: Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður bæjarráðs, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Halldóra G. Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Einar Snorrason umsjónarmaður fasteigna, Kristrún Björgvinsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Rýni neyðarstjórnar vegna rauðrar viðvörunar

Hvað gekk vel?

- Í heildina tókst vel til.
- Fyrirsjáanleiki í veðurspám gerði það að verkum að hægt var að taka ákvarðanir fyrir en oft hefur það verið gert að morgni sama dags.
- Horft var til viðbragðsáætlunar Almannavarna.
- Spáin gekk nokkuð vel eftir.
- Upplýsingar um lokanir voru settar út á samfélagsmiðla.
- Aðstandendur barna og fullorðinna tóku mjög vel í allar ákvarðanir um að senda fólk fyrir heim.

Hvað hefði mátt ganga betur?

- Skilaboðin sem fóru á milli stjórnenda náðu ekki inn í allan stjórnendahópinn.
- Það hefði þurft að kalla til fundar neyðarstjórnar og ákveða þannig hvað skyldi gera.
- Svona tilkynningar þarf að gefa miðlægt, þ.e. af neyðarstjórn en ekki ákvörðun sem tekin er af forstöðumönnum eða sviðsstjórum.
- Upplýsingar um lokanir hefðu mátt fara inn á vef Reykjaneshæjar líka.

Hvað getum við lært?

- Mikilvægt er að kalla til fundar neyðarstjórnar.
- Mikilvægt er að allir fái sömu skilaboðin.

- Gera þarf viðbragðsáætlun sem viðkemur viðkvæmustu skjólstæðingum velferðarsviðs og er sú vinna hafin.
- Athugasemd kom frá heimahjúkrun HSS að við skyldum loka dagdvölinni og fara fram á að heimahjúkrun færi og heimsótti þjónustupega dagdvalarinnar.
- Rætt var um mikilvægi þess að hafa starfsfólk í öllum stofnunum til að geta tekið á móti börnum þar sem t.d. foreldrar hafi ekki fengið mikilvæg skilaboð og að fylgjast með hvort upp komi leki eða aðrar skemmdir á húsnæðinu.

Purfum við að breyta einhverju og þá hverju?

- Neyðarstjórn hefði átti að kalla til fundar sem var ekki gert.
- Tekin var ákvörðun að þegar veðurviðvörðun verður rauð þá verður stofnunum lokað.
- Eiga til skriflegt plan hvað skal gera í appelsínugulum og rauðum veðurviðvörðunum.
- Taka þarf tillit til úrkomu, hitastigs, færðar og vinds.

2. Erindi frá Rauða krossinum, viðnámsþróttur Suðurnesja

Erindi frá verkefnastjóra í neyðarvarnateymi Rauða kross Íslands lagt fram. Þar er óskað eftir að fá að kynna verkefnið Viðnámsþróttur Suðurnesja.

Í stuttu máli snýst verkefnið um að auka viðnámsþrótt á Suðurnesjum með áherslu á að auka seiglu fólks í samfélaginu þegar kemur að hamförum.

Neyðarstjórn samþykkir að fá kynningu frá neyðarvarnarteymi Rauða Kross Íslands.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.46